



ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR L.H.

STARFSÁRIÐ 1991–1992
og
REIKNINGAR ÁRSINS 1991

EFNISYFIRLIT SKÝRSLU STJÓRNAR LH 1991-1992

	bls.
Stjórn	1
Skrifstofa LH	1
Tillögur og ályktanir síðasta ársþings	1
Útgáfumál	3
Samningar við félag tamningamanna	3
Mótadagar félaganna	4
Reiðvegafé	4
Skógarhólar	5
Hraunréttin á Skógarhólum	6
Æskulýðsmót FEIF	7
Áningarhólfasjóður	9
Reiðhöllin-Reiðskólinn	9
Fjórðungsmót á Vesturlandi	9
Tölvumál	9
Frá lyfjanefnd	10
Frá dómarafélaginu	11
Frá æskulýðsfulltrúa	13
Ferða og umhverfismálanefnd	14
Reiðvegamál - reiðvegaáætlun	15
Samstarf við HÍS	18
Helstu viðburðir ársins	18
Starfsemi FEIF 1992	19
Ársreikningar LH 1991	24

Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga

starfsárið 1991 - 1992

1. STJÓRN:

Starfsárið 1991 - 1992 sátu eftirtaldir í stjórn L.H.:

Aðalstjórn:

Formaður:	Kári Arnórsson, Reykjavík.
Varaformaður:	Guðmundur Jónsson, Reykjum, Mosfellsb.
Ritari:	Ingimar Ingimarsson, Y-Skörðugili, Skagaf.
Féhirðir:	Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti, Arn.
Meðstjórnendur:	Jón Bergsson Ketilsstöðum, Egilsstaðir.
	Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.
	Halldór Gunnarsson, Lundi, Kópasker.

Varastjórn:

Marteinn Valdimarsson, Búðardal.
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Garðabæ.
Stefán Bjarnason, Sauðárkróki.
Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.
Ágúst Oddsson, Hafnarfirði.

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfirleitt boðaðir á stjórnarfundum enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta, nema á fyrsta fund eftir ársþing og á fund í lok starfsárs.

2. SKRIFSTOFA L.H.:

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Hún er opin frá kl. 9 - 16. Þar starfa 2 fastráðnir starfsmenn þau, Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir. Bein símalína er 91-29899, en einnig er hægt að hringja í skiptiborð Búnaðarfélagsins í síma 91-19200.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR SÍÐASTA ÁRSPINGS:

Fræðslumál:

Hlé hefur orðið á vinnu vegna nýs námsefnis.

Námshagnastofnun hefur ekki haft fjármagn til útgáfu en Félag tamningamanna hefur á þrjónum vinnu við námsefni og flokkun þess vegna reiðkennslu. Á síðasta ári kom út á vegum bókaútgáfunnar Örn og Örlygur, Handbók hestamannsins eftir Albert Jóhannsson fyrrverandi formann L.H. og bætir sú bók með ýmsum hætti úr þeirri vöndun sem var á hentugu efni

um frumþætti hestamennskunnar. Enn hefur ekki náðst samkomulag um útgáfu Áfanga en vonir standa til að úr því rætist því Örn og Örlygur hafa sýnt því verkefni áhuga.

Álit ferðanefndar.

Um umferð um Þjórarárbakka náðist samkomulag milli landeigenda og hestamannafélaganna Smára og Sleipnis með aðstoð Landssambandsins án sérstakra útgjalda að hálfu L.H. Formaður L.H. og framkvæmdastjóri mættu á fund þessara aðila þar sem frá þessu samkomulagi var gengið.

Hvað varðar viðræður við bæjaryfirvöld í Garðabæ um lagningu reiðvegjar þá var því máli vísað til reiðveganeftdar í Kjalarnesþingi en það er nefnd hestamannafélaganna á þessu svæði sem unnið hefur ötullega að reiðvegamálaum.

Svæðisfundir.

Tveir svæðisfundir voru haldnir á árinu. Sá fyrri var haldinn á Húsavík 15. mars fyrir hestamannafélögin í Þingeyjarsýslum og á Húsavík. Þann fund sátu að hálfu stjórnar L.H. Kári Arnórsson og Halldór Gunnarsson og einnig Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri. Síðari fundurinn var haldinn á Akureyri fyrir öll eyfirsku félögin. Þann fund sátu auk formanns og framkvæmdastjóra L.H. stjórnarmennirnir Halldór Gunnarsson og Ingimar Ingimarsson. Á þessum fundum var gerð grein fyrir því sem unnið væri að á vegum L.H. og þeim helstu verkefnum sem skrifstofan hefði á sínum snærum.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru í fylgd Kolbrúnar Kristjánsdóttur í skoðunarferð á svæði Hringsmanna. Þar skoðuðu þeir sambýlið í hinu glæsilega hesthúsi sem áður var refaskáli, undir góðri leiðsögn Ármanns Gunnarssonar og Hilmars Daníelssonar og þáðu þar góðar veitingar.

Um þinghald.

Mestur hluti félaganna hefur sent inn svör og sýnist vera mikill meirihluti því fylgjandi að þinghald verði annað hvert ár en formannafundur þess á milli. Tillaga þar að lútandi verður því flutt á þessu þingi.

Lyfjamál.

Stjórn L.H. skipaði þrjá menn í lyfjanefnd og HÍS tvo. Nefndin hefur unnið gott starf eins og skýrsla hennar ber með sér.

Álit gæðinga- og unglinganefndar.

Tillögu um dóma í unglingakeppni var vísað til frekari vinnslu hjá gæðinga- og unglinganefnd milli þinga og skyldi ný tillaga lögð fyrir ársþing 1992.

Vísað er til þeirrar tillögu.

Álit fjárhagsnefndar:

42. ársþingið synjaði um hækkun árgjalda til L.H. fyrir árið 1992 og voru þau óbreytt frá 1991 eða kr. 410 fyrir unglinga og kr. 820 fyrir fullorðna.

Álit allsherjarnefndar:

Nefnd um málefni dómara var starfandi milli þinga:

Formaður hennar var Ingimar Ingimarsson. Nefndin leggur ítarlegar tillögur fyrir þetta þing um skipan þessara mála og vísast til þeirra.

Vegna tillögu um viðhald og viðgerð á réttinni í Skógarhólum er vísað til greinargerðar um það í þessari skýrslu en um þetta mál náðist góð samvinna við þjóðgarðsvörð og hreppsnefnd Þingvallahrepps. Skógarhólar sönnuðu sig vel í sumar þegar unglingabúðirnar voru þar eins og einnig kemur fram hér í skýrslunni og það var ánægjulegt að vera vitni að því á aðalfundi FEIF hve sú framkvæmd hlaut mikið lof.

4. ÚTGÁFUMÁL:

Hesturinn okkar var áfram í umsjá Gunnars Gunnarssonar en sá samningur rennur út 31. desember n.k. Samningnum hefur verið sagt upp og tillaga er lögð fram á þessu þingi þar sem L.H. er undanþegið þeirri skyldu að gefa út tímarit.

Jóreykurinn var ekki gefinn út sem sérstakt fréttablað en birtur í tímaritum hestamanna L.H. að kostnaðarlausu.

5. SAMNINGAR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA:

Viðmiðunarverð fyrir tamningar 1992.

Undanfarin ár hefur verið í gildi samningur milli Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabændna hins vegar um verð fyrir tamningar.

Viðræður fóru fram milli þessara aðila um framlengingu samningsins, en ekki náðist fram fullt samkomulag með aðilum.

Vegna þessa birtu L.H. og Félag hrossabændna viðmiðunarverð fyrir tamningar 1992 og ber að líta á það óháð því, hvað um samdist milli einstakra aðila.

Viðmiðunarverðið gerði ekki ráð fyrir hækkun heildargjaldsins fyrir tamningar frá fyrra ári, en nokkur tilfærsla var á einstökum kostnaðarliðum í verðskránni.

Tekið var tillit til reynslu manna við tamningar en að öðru leyti átti verðið við alla þá sem fást við tamningar og hafa til þess þekkingu.

Hér vísast til eldri samnings um málið sem birtur var í ársskýrslu síðasta þings.

Sama máli gegnir um samning um laun reiðkennara, þar vísast til eldri samnings að viðbættum 8% vegna hækkunar kaupgjaldsliðar.

6. MÓTADAGAR FÉLAGANNA:

Eins og undanfarin ár vann skrifstofa L.H. ásamt mótanefnd úr umsóknum félaganna og raðaði síðan mótanefnd þeim niður. Í mótanefnd eru Sigbjörn Björnsson formaður, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Halldór Gunnarsson, Pétur J. Hákonarson og Haraldur Haraldsson.

Í haust var öllum hestamannafélögum sent bréf með umsóknareyðublaði fyrir beiðni um mótadaga. Óskað er eftir að beiðnum verði komið til skrifstofu L.H. ekki síðar en 15. nóv. n.k. Stefnt verður að því að mótaskrá verði tilbúin fyrir áramót.

7. REIÐVEGAFÉ:

Gengið var frá úthutun reiðvegafjár fyrir árið 1992 á fundi reiðveganefndar LH í Reykjavík þann 22. apríl s.l. Til ráðstöfunar voru kr. 6.000.000.- Reiðveganefnd LH skipa eftirtaldir aðilar: Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti, Högni Bæringsson Stykkishólmi og Marteinn Valdimarsson Búðardal.

Reiðvegafé 1992 er úthlutað til hinna einstöku hestamannafélaga sem hér segir:

Blakkur	Strandasýslu	kr.	200.000.-
Dreyri	Akranesi	-	500.000.-
Faxi	Borgarfirði	-	500.000.-
Glaður	Dalasýslu	-	400.000.-
Kinnskær	Barðastr.sýslu	-	200.000.-
Snæfellingur	Stykkishólmi	-	600.000.-
Stormur	Vestfjörðum	-	450.000.-
Hending	Ísafirði	-	450.000.-
Skuggi	Borgarnesi	-	300.000.-
Samstarfsn. hestamannaf. Kjalarnesþ. v.			
Flóttamannav. og reiðleiðar til Skógarhóla-			2.000.000.-
Sleipnir/Smári v. Þjórarárbakka		-	400.000.-

Samtals kr.			6.000.000.-

Þeirri meginreglu var framfylgt að féð færi að stórum hluta í þann landsfjórðung þar sem FM væri haldið. Nefndarmenn skoðuðu sérstaklega umsókn frá hestamannaf. á höfuðborgarsvæðinu og náðu samkomulagi um að veita verulega upphæð til reiðvegagerðar með Flóttamannavegi og Skógarhólaleið þar sem þörfin væri mikil og verkefnið sérstakt. Ljóst er að þörfin fyrir fé til reiðvegagerðar vítt og breytt um landið er gífurleg og tífold sú upphæð sem til ráðstöfunar var nægði skammt.

8. SKÓGARHÓLAR:

Áningaraðstaðan var opnuð 5. júní. Umferð hestamanna til Skógarhóla á liðnu sumri varð heldur meiri en á síðasta ári eða um 2.800 gistinætur hrossa. Um Jónsmessuhelgina dvöldu á Skógarhólum 160 manns með á fimmta hundrað hross. Flestar helgar var fullbókuð gístiaðstaðan inni, en minni nýting var í miðri viku. Ævinlega er tekið á móti hestamönnum þegar þeir koma og hrossin sett í haga, en menn verða að tjalda eða leita sér gistingar ef gístiaðstaðan inni er fullbókuð. Hestamenn finna vel til þess að á Skógarhólum eiga þeir sér griðland, sem þeir meta mikils.

Umsjónarmaður í Skógarhólum í sumar var Sigurður Þorsteinsson kennari í Kópavogi en þetta er þriðja sumarið í röð sem hann gegnir þessu starfi og eru honum færðar þakkir fyrir gott og farsælt starf í þágu hestamanna á Skógarhólum.

Unnið var að uppbyggingu og endurbótum að Skógarhólum á liðnu vori og í sumar. Verkið hófst með því að skipulagður var vinnudagur sjálfboðaliða úr hestamannafélögunum á suðvesturlandi 31. maí. Þar mættu 25 félagar frá tveimur hestamannafélögum þ.e. úr Gusti og Fáki frá öðrum félögum komu menn ekki.

Þennan dag voru margir hlutir lagfærðir og menn tóku til hendi við málningu, girðinga og hliðavinnu, smíðar og aðra tiltekt og byrjað var á endurhleðslu hraunréttarinnar. Verkefni voru ærin og miklu fleiri sjálfboðaliðar hefðu haft nóg að gera. Á Skógarhólum hefur þetta verið gert í sumar:

Hús máluð að utan. Herbergi og eldhús máluð. Gert við girðingar og hlið. Sett vatnslögn í eldhús. Stór fiskiker (brynningarker) sett í öll beitarhólfín og endurnýjuð vatnslögn þangað. Sett upp ný rotþró vegna salerna og eldhúss. Borið ofan í hlaðið fyrir framan eldhúsið. Sett upp leikaðstaða fyrir börn (rólur). Lítil rafstöð var keypt fyrir staðinn. Gamla dómhúsið var rífið og fjarlægt. Hraunréttin lagfærð og endurbyggð (sjá kaflann um hraunréttina).

Þarna var um óhjákvæmilegar endurbætur að ræða m.a. vegna þess að Æskulýðsmót FEIF var haldið á Skógarhólum í sumar (um Æskulýðsmótið er fjallað á öðrum stað í skýrslunni).

Skógarhólar eru innan marka Þjóðgarðsins og staðurinn sjálfur hefur sögulegt gildi fyrir hestamenn og er þeim kær.

Hestamenn hafa skyldur við Skógarhóla og þeim ber að sjá til þess að húsum og öðrum mannvirkjum sé vel við haldið og séu staðnum samboðin.

Um gengni verður að vera góð. Nágrennið við Þjóðgarðinn kallar á gott samstarf L.H. og hestamanna við þjóðgarðsvörð og allar endurbætur að Skógarhólum eru gerðar í samvinnu og með vilja hans. Þetta samstarf hefur verið með miklum ágætum. Sr. Hanna María Pétursdóttir þjóðgarðsvörður hefur góðan skilning á óskum og viðhorfum hestamanna, viðurkennir þarfir þeirra varðandi reiðleiðir og hefur áform uppi um að láta lagfæra gamlar reiðgötur innan Þjóðgarðsins, merkja þær og einnig að varðveita sögulegar minjar um forna reiðstíga sem m.a. má sjá víða í eða við Þjóðgarðinn.

Skilja ber að umferð bíla og hestaferða.

Allt eru þetta þættir sem ber að fagna, því hestaferðir og Þingvellir eru vegna sögunnar samofin og verða ekki sundur skilin.

Stjórn L.H. skipaði Skógarhólanefnd eftir síðasta þing og setti henni eftirfarandi starfslýsingu:

"Nefndin skal hafa eftirlit með Skógarhólum hvað varðar viðhald og endurbætur. Nefndin gerir tillögur um rekstur Skógarhóla og framkvæmdir. Í verkahring nefndarinnar er að fá vinnuframlag frá þeim hestamannafélögum sem mest nýta staðinn þ.e. stór-Reykjavíkursvæðið (Mosfellsbær þar með og Árnessýsla)."

Í nefndinni eru: Gunnar B. Gunnarsson Sleipni fyrrv. gjaldk. L.H.

Ásgeir Guðmundsson Gusti og Kristján Auðunsson Fáki.

Nefndin hefur fundað um málefni Skógarhóla, farið á vettvang og í samvinnu við skrifstofu L.H. skipulagt starfið.

Um miðjan ágúst gerist fáheyrður atburður, sem er með ólíkindum, hluta vatnslagnarinnar sem liggur frá Hrutagili til Skógarhóla og flytur vatn til staðarins var stolið. Leiðslan var skorin í sundur uppi í gili og hirtur 400 metra langur kafli leiðslunnar, sem liggur ofanjarðar. Þjófnaðurinn var kærður og tilkynntur lögreglu, málið er óupplýst. Viðgerð og kaup á nýlagn kostaði rúmar áttatíuþúsund krónur auk ómældra óþæginda fyrir staðinn.

9. HRAUNRÉTTIN Á SKÓGARHÓLUM.

Það hefur árum saman verið mikið áhugamál stjórnar L.H. og þjóðgarðsvarðar að láta endurbyggja hraunréttina á Skógarhólum og fyrir nokkrum árum voru keypt falleg hlið til þess að setja upp í réttinni og loka dilkunum og gera þá að tjaldstæðum. Byggð var ný hestarétt 1990 og í hana er hægt að reka hesta úr öllum beitarhólfunum. Með tilkomu nýju hestaréttarinnar minnkaði þörfin á að nota gömlu réttina.

Hraunréttin var byggð af bændum Þingvallasveitar laust eftir síðustu aldamót og þar var réttað í mörg ár. Réttin var hlaðin úr hraungrýti en með engu bindiefni og þannig nokkuð viðkvæm fyrir hnjaski. Þessa rétt hafa hestamenn mikið notað allt frá fyrsta landsmótinu 1950 og síðan.

Vissulega má segja að hestamenn hafi skuldað réttinni nokkra andlitslyftingu því hún var farin að láta mikið á sjá, veggir hrundir og margt úr lagi gengið. Langt frá því að vera nokkur staðarþrýði og fremur laklegur vitnisburður um umgengi hestamanna.

Á vinnudeginum 31. maí var byrjað að laga og endurbyggja réttina og hliðin gerð tilbúin til uppsetningar. Til verkstjórnar þessu verki var fengin þekktur hleðslumaður, Tryggvi Gunnar Hansen sem getið hefur sér gott orð við hleðslustörf m.a. í Þjóðgarðinum.

Í sumar var þessari vinnu haldið áfram af Tryggva og aðstoðarmanni hans. Auglýst var námskeið í hefðbundnum grjóthleðsluaðferðum og sóttu það 8-10 manns og unnu við endurhleðslu réttarinnar með Tryggva. Verkið er langt komið nú og raunar að mestu lokið. Réttin er orðin mikil staðarþryði og ferðamenn koma og skoða réttina og dást að henni.

Þetta var þjóðþrifaverk og bætir ímynd hestamanna.

Verkið hefur kostað nokkra fjármuni og ekki er hægt að greiða þennan kostnað af innkomu áningarleigunnar. Unnið er því að fá góð fyrirtæki eitt eða fleiri til þess að kosta þessa endurbyggingu með styrkveitingu.

Hleðslumenn við hraunréttina nutu höfðinglegrar gestrisni hjá þjóðgarðsverði, voru alla þá daga sem verkið tók í fríu fæði á matstofu Þjóðgarðsins. Þetta gerði verkið auðveldara og raunar mögulegt.

Með þessu sýndi þjóðgarðsvörður hug sinn til verksins. Kærar þakkir fyrir.

10. ÆSKULÝÐSMÓT FEIF.

Á aðalfundi stjórnar FEIF 19. ágúst 1991 sem haldinn var í Norrköping í Svíþjóð í lok heimsleikanna, var endanlega ákveðið að æskulýðsmót FEIF skyldi haldið á Íslandi árið 1992.

Fyrirheit um þetta hafði æskulýðsfulltrúi L.H. Kolbrún Kristjánsdóttir gefið eftir æskulýðsmótið í Þýskalandi 1990. Til að undirbúa mótið skipaði stjórn L.H. nefnd sem skyldi skipuleggja og undirbúa mótið í samvinnu við skrifstofu L.H. Mikið mannval valdist í nefndina:

Æskulýðsfulltrúar L.H. Kolbrún Kristjánsdóttir og Ásdís Ingimarsdóttir, hjónin í Laxárnesi Eydís Indriðadóttir og Guðmundur Hauksson, hjónin Elín Magnúsdóttir og Agúst Oddsson Hafnarfirði, Sigurður Gunnarsson á Bjarnastöðum, Sigurður Þorsteinsson umsjónarmaður á Skógarhólum, Hákon Pétursson og Hjörný Snorradóttir sem bæði höfðu sótt æskulýðsmót FEIF í Þýskalandi. Nefndin hóf störf upp úr áramótum, því að mörgu var að hyggja. Ákveðið var að mótið skyldi haldið á Skógarhólum dagana 17.-26. júlí.

Fjöldi erlendra þátttakenda takmarkaður við 25, auk 10 íslenskra ungmenna. Fjölbreytt dagskrá var sett upp og skipulögð.

Endanlega urðu erlendir þátttakendur 33 vegna mikillar aðsóknar og 9 íslensk ungmenni sóttu mótið eða alls 42 á aldrinum 12-17 ára, auk 3ja erlendra umsjónarmanna en þeir voru, Eva Maria Gerlach æskulýðsfulltrúi FEIF, Tone Kolnes sportfulltrúi FEIF og Joachim Lehmann frá Þýskalandi. Íslensku nefndarmennirnir fylgdu hópnum meira og minna allan tímann og skiluðu frábæru starfi og þau öll eiga ómældar þakkir skyldar. Flestir erlendu gestirnir komu til landsins föstudaginn 17. júlí. Gist var á hóteli ÍSÍ í Laugardal. Á laugardaginn var farin rútuferð í Borgarfjörð og gist á Hvanneyri. Þar um kvöldið fór allur hópurinn á hestbak á hestum sem

ungmenni úr unglingadeild hestamannafélagsins Faxe komu með og lánuðu. Öllu þessu stjórnaði kempa Ingimar Sveinsson kennari á Hvanneyri, auk þess flutti hann erindi um uppruna íslenska hestsins og dreifði til gestanna samantekt um málið á ensku. Aldeilis frábært og áttu mótsgestir engin orð til að lýsa þakklæti sínu. Frá Hvanneyri var haldið um hádegi á sunnudag í skoðunarferð um Borgarfjörð í fögru veðri, farið í Reykholt, Barnafossar skoðaðir og Húsafell. Ekið Kaldadal til Skógarhóla og komið þangað um kvöldið.

Þar bjuggu unglingarnir í tjöldum, en leiðbeinendur og matráðskonan nýttu húsakostinn sem þarna er til staðar. Á Skógarhólum var dvalið til föstudagskvölds við útreiðar og leiki auk þess sem farið var í skoðunarferðir. Haldið var námskeið í reiðmennsku, járningum og margt fleira gert. Einn daginn var farið í reiðtúr í Kringlumýri þar sem félagar úr hestamannafélaginu Trausta tóku á móti hópnum með veisluborði.

Rútuferð var farin um Suðurland komið að Gullfossi og Geysi og heimsóttur Reiðskólinn í Geldingaholti. Til Reykjavíkur var haldið á föstudagskvöld að Félagsheimili Fáks í Víðidal, þangað var gott að koma, og þar sváfu gestirnir síðustu nóttina eftir að hafa notið veislufanga í lokafagnaði um kvöldið.

Æskulýðsmótið var mikið ævintýri, en eitt af markmiðum FEIF er, að auka skilning og vináttu milli þjóða. Ungmenni frá 12 FEIF löndum bundust vináttuböndum, en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa ást á íslenska hestinum.

Æskulýðsmótið þótti takast með miklum ágætum og var þeim til sóma, sem að því stóðu.

Margir aðilar komu þar að verki, sem höfðu metnað og vilja til þess að mótið tækist vel. Það markmið náðist.

Stjórn L.H. færir öllum þeim sem aðstoðuðu við mótið og lögðu því lið á einn eða annan hátt innilegar þakkir.

Sérstaklega ber hér að nefna:

Undirbúningsnefndina, sem vann mikið og gott starf. Þá menn sem lögðu til og lánuðu hesta, en hestarnir vöktu mikla athygli fyrir hversu góðir þeir voru og margir höfðu ekki kynnst slíkum gæðingum. Sigurður á Bjarnastöðum og Guðmundur í Laxárnesi voru ekki að velja neinar truntur undir gestina. Ingimar á Hvanneyri og unglingadeild Faxe, hestamannafélagið Trausta, sem tók á móti mótsgestunum í Kringlumýri og þar beið þeirra veisluborð sem félagar í Trausta buðu til. Heiðursforseti FEIF Gunnar Bjarnason, sem heimsótti mótið og flutti unglingunum hugvekju öllum til óblandinnar ánægju. Leiðbeinendur í reiðkennslu og járningum á Skógarhólum þau Einar Öder Magnússon, Olil Amble og Guðmundur Einarsson. Reiðskólann í Geldingaholti sem tók á móti hópnum og nemendur skólans settu upp sýningu í reiðlist fyrir gestina.

Hestamannafélagið Fák sem lagði Félagsheimili sitt undir hópinn, er hann kom til Reykjavíkur. Sýningarflokk reiðmanna hjá Fák, en Sigurbjörn Bárðarson, Hafliði Halldórsson og Erling Sigurðsson höfðu gæðingasýningu fyrir hópinn kvöldið sem dvalið var í Fáksheimilinu.

Þjóðgarðsvörður Sr. Hanna María Pétursdóttir og maður hennar Sr. Sigurður

Árni ávörpuðu mótsgesti í Stekkjargjá eftir reiðtúr þangað og sögðu þeim sitthvað um sögu staðarins.

Æskulýðsfulltrúi FEIF Eva Maria Gerlach skrifaði grein um mótið í Eiðfaxa. Myndrit af greininni fylgir með í þingmöppunum með góðfúslegu leyfi Eiðfaxes.

11. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR:

41. ársþing L.H. markaði sjóðnum tekjustofn. 2% gjald af heildarsölu aðgangseyris á lands- og fjórðungsmótum. Samkvæmt þessu verða tekjur sjóðsins 1992 þ.e. af fjórðungsmótinu á Kaldármelum kr. 187.730.

Eftirtalin félög sóttu um styrk úr sjóðnum vegna uppsetninga áningarhólfa. Svaði vegna hólfs í Hofsgarði við Hofsó, Sleipnir vegna hólfs á Eyrarbakka og félögin vestan Hellisheiðar þ.e. reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hins forna og Skógarhólanefnd vegna áningarhólfs í Selkoti á reiðleiðinni um Stíflisdal. Þar var einnig haldið áfram að endurbæta reiðveginn á þessu ári.

Stjórn L.H. úthlutaði hverju ofangreindra félaga kr. 50.000 til þessara verkefna á árinu.

12. REIÐHÖLLIN - REIÐSKÓLINN:

Reiðskólinn h.f. tók Reiðhöllina á leigu til eins árs frá 1. janúar. Framkvæmdastjóri var Jón Albert Sigurbjörnsson Reykjavík. Reksturinn gekk vel og stóð undir sér þó svo ríkissjóður hafi skorið niður alla styrkveitingu. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur endurleigði Höllina í tvo mánuði að vetrinum og allt sumarið vegna reiðkennslu grunnskólabarna. Að venju voru haldnar nokkrar sýningar og að þessu sinni kynntu Norðanmenn sín hross svo og Vestlendingar. Einnig var Fákur með myndarlega sýningu í tilefni af 70 ára afmæli sínu. Hestadagar að vorinu er orðinn fastur liður í lífi hestamanna.

13. FJÓRÐUNGSMÓT Á VESTURLANDI:

Hestamannafélögin á Vesturlandi og Vestfjörðum héldu fjórðungsmót á Kaldármelum 25. til 28. júní. Þetta var hið ágætasta mót. Mikið hefur verið gert til að bæta aðstöðuna á Kaldármelum og er það að verða eitt af glæsilegustu mótssvæðum á landinu. Veðrið var ekki hagstætt og mun það hafa dregið úr aðsókn. Mótið stóð undir sér.

14. TÖLVUMÁL.

Fundur var haldinn þar sem mættu fulltrúar frá L.H. og HÍS til að ræða tilboð um hugbúnaðargerð vegna dómaraakerfis, sem borist hafði frá TÍR

(Tölvupjónustu Rvík). Á fundinn mættu einnig fulltrúar frá íþróttadeild Fáks og Ólafur H. Einarsson tölvusérfræðingur. Ljóst er að þetta kostar mikið og nýting á ári hverju tiltölulega lítil og því vandséð hvernig fjármagna á slíkan búnað.

Ljóst er að ef taka á upp tölvukerfi við dómgæslu eins og hugbúnaður TÍR gerir ráð fyrir, þarf að koma fyrir kapallögnum í jörðu við gerð keppnisvalla og setja upp slíkar lagnir við eldri velli. Hinsvegar myndi búnaður þessi flýta dómum á mótum til muna frá því sem nú er.

En tölvu- og hugbúnaður sá sem notaður hefur verið á stærri mótum og hannaður var af Ólafi H. Einarssyni, hefur reynst notadrygður og komið að miklu gagni á flestum stórmótum.

Á stjórnarfundum L.H. 9. júní, voru þessi mál rædd, og menn sammála um að skoða málið vandlega með tilliti til þess að þarna geti verið um að ræða skref fram á við í endurskipulagningu stórmóta. Guðmundi Jónssyni, Ingimar Ingimarssyni og Ólafi H. Einarssyni var falið að mynda starfshóp með tveimur mönnum frá Dómarafélaginu til þess að vinna að þessum málum.

15. FRÁ LYFJANEFND:

Tilgangur:

Nefndin heldur áfram því starfi, sem hafið var á síðasta ári varðandi hugsanlega reglugerðarsamþykkt og gerir tillögur um framkvæmd. Upplýsingar skuli fylgja með um líklegan kostnað við lyfjaprófanir, hvernig rétt sé að standa að fjármögnun svo og hvernær hægt verði að fara af stað með slíka prófun (á stórmóti? hvaða ár-Landsmót '94?).

Nefndin vísar til ítarlegrar skýrslu lyfjanefndar L.H. árið '90-'91 sem lögð var fram á Landssambandsþingi í Kópavogi haustið '91.

Þar er greint frá alþjóðlegum reglum settum af FEIF og eru nefndarmenn sammála um, að við getum ekki annað en haft þær reglur að leiðarljósi og farið eftir þeim varðandi þessi mál hér á landi, eftir því sem við verður komið.

Í fyrra árs skýrslu er greint frá framkvæmd lyfjaeftirlits, sem er í höndum löggilts dýralæknis. Þar segir og frá greiningu og varðveislu sýna. Sýni þarf að taka innanhúss, sérstakan staðlaðan útbúnað þarf til og geymast þau svo innsigluð í læstum kælikáp og sendist síðan til viðurkenndrar rannsóknarstofu innan 24 klst. Kostnaður við hvert sýni er á bilinu kr. 20-28.000. Líklega er ódýrast að senda þau til greiningar á viðurkennda rannsóknarstofu í Svíþjóð.

HÍS.

Í nefndinni voru tveir fulltrúar frá HÍS, þeir Magnús Lárusson Hólum og Sigurður Sæmundsson Holtsmúla. Þegar farið var að kanna þessi mál frá sjónarhóli HÍS, kemur í ljós, að það samband fellur alfarið undir reglur ÍSÍ, sem eru mjög ákveðið skilgreindar í þar tilgerðri handbók um lyfjaeftirlit. Er þar nákvæmlega getið um reglur og eftirlit, framkvæmd lyfjaprófa, bannlista I.O.C (alþjóða Olympíunefndarinnar) og leyfileg lyf. Benda má

á aðra grein í reglum um lyfjamisnotkun þar segir "dýr, sem íþróttaiðkandi notar í íþróttakeppni, telst vera hluti af iðkandanum". Einnig er vert að benda á hluta fjórðu greinar þar sem "lyfjaeftirlitsnefnd er óheimilt að velja einstaklinga vegna gruns, útlits eða undangenginnar ábendingar".

Varðandi fjármögnun við lyfjapróf hjá HÍS er nokkuð víst að til þeirra fæst fjárstuðningur frá ÍSÍ (samkvæmt viðtali við Hannes Þ. Sigurðsson formann lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ). Í fimmtu grein þeirra reglna segir enn fremur að "lyfjaeftirlitsnefnd greiðir kostnað af þeim lyfjaprófum, sem hún telur nauðsynlegt til lágmarkseftirlits".

Nefndarmenn eru sammála að fara sér hægt og vera í fullri samvinnu við lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Nefndin telur að í byrjun ættum við að lyfjaprófa á árlegu Íslandsmóti HÍS og lítið til fyrirstöðu með að byrja að ári.

Gæðingakeppni.

Varðandi gæðingakeppni á vegum L.H. telur nefndin rétt að lyfjaeftirlit verði einskorðað í byrjun við landsmót. Benda má og á, að oftast er um að ræða sömu hesta, sem taka þátt í íþróttakeppnum og gæðingakeppni.

Kostnaður við hvert próf er á bilinu kr. 20-28.000 og ætti að vera nægjanlegt að prófa 3-5 hesta á landsmóti. Velja þá hesta í verðlaunasætum með hlutkesti. Þessi kostnaður greiðist af viðkomandi mótshöldurum og verður því að taka tillit til hans í aðgangseyri og/eða skráningargjöldum.

Nefndin telur rétt að innan L.H. sé starfandi lyfjaeftirlitsnefnd, skipuð af stjórn L.H. líkt og er hjá ÍSÍ og hafi sú nefnd með þessi mál að gera. Gæti sú nefnd verið með fimm fulltrúum og afar æskilegt að okkar mati að í henni sé bæði dýralæknir og lögfræðingur.

Álit.

Að okkar mati verður ekki aftur snúið, þó við teljum að ekki sé mikið um lyfjamisnotkun í hestamennsku hér á landi. Leggjum til að komið verði á fót lyfjaeftirlitsnefnd líkt og hjá ÍSÍ. Rétt er að hafa náið samband við þá. Leggjum og til að fyrst verði byrjað að lyfjaprófa hér í gæðingakeppni í næsta landsmóti hestamanna '94 og rétt sé að fara sér hægt og einskorða sig við landsmót til að byrja með. Þá verði teknir 3-5 hestar í verðlaunasætum eftir hlutkesti til prófunar.

Varðandi HÍS falla þær alfarið undir ramma ÍSÍ og sjáum við lítið því til fyrirstöðu með að byrja að lyfjaprófa á næsta Íslandsmóti HÍS.

Nefndin telur eðlilegt að náið samstarf sé milli L.H. og HÍS varðandi framgang og þróun þessara mála hér á landi.

Guðbrandur Kjartansson formaður.

Þór Sigþórsson

Kristmundur Halldórsson

Sigurður Sæmundsson

Magnús Lárusson

Helgi Sigurðsson faglegur ráðgjafi nefndarinnar.

16. FRÁ DÓMARAFÉLAGINU:

Á árinu hafa verið haldnir sjö stjórnarfundir. Þann 30. nóv. 1991 var

haldinn deildarstjórafundur í Borgarnesi. Rætt var um endurmenntun og námsefni dómara, starfsemi deildanna og í framhaldi af því mál Hornafjarðardeildar, þar sem engin starfsemi hefur verið undanfarin ár og hvernig ætti að koma þeim til starfa aftur.

Einnig var rætt um tölvumál og þá stórkostlegu framför sem gæti orðið, þ.e. að spjaldadómar féllu út en í þess stað kæmu tölur (einkunnir) á skjá í áhorfendabrekku. Það mundi stytta keppnina um allt að helming og um leið minnka álagið á dómara heilmikið. Vonumst við til að það verði framtíðin.

Dagana 3.- 5. apríl 1992 var haldið dómaraámskeið í Borgarnesi og mættu tólf dómaraefni. Var þetta fyrsta námskeiðið sem var haldið eftir að ákveðið var að lengja námskeiðin úr tveim í þrjá daga og reyndist það mjög vel. Kennarar á námskeiðinu voru Sigurbjörn Bárðarson, Jóhann Þorsteinsson, Halldór Sigurðsson og Olil Amble og útskrifuðust átta nýir gæðingadómarar. Stjórn félagsins fékk fimm landsdómara, þá Skúla Kristjánsson, Friðþjóf Þorkelsson, Sigurbjörn Bárðarson, Guðmund Hermannsson og Gauðlaug Antonsson, til að skrifa um dómsatriðin í gæðinga- og unglingakeppni og var það efni talsvert notað á námskeiðinu og verður unnið áfram að því að safna námsefni.

Á fjórðungsmóttinu á Kaldármelum átti upphaflega að starfa ein átta manna dómnefnd, sem átti að dæma tvo flokka á fimmtudag og tvo flokka á föstudag ásamt úrslitunum á sunnudag.

Örfáum dögum fyrir mót fréttir stjórn DFLH að dæma eigi þrjá flokka á föstudag vegna fjörureiðar á fimmtudaginn og þótti framkvæmdanefnd greinilega ekki þörf á að láta stjórn DFLH vita. Héldu dómarnir fund ásamt stjórninni, þar sem öllum bar saman um að vinnuálagið yrði allt of mikið og að útvega yrði dómara til að dæma annan unglingaflokkinn á föstudaginn, til að dómarnir fengju nægilega hvíld á milli flokka og var það gert.

Er framkvæmda- og mótanefndum nauðsynlegt að muna að gera starfsaðstöðu dómara eins góða og mögulegt er í það og það skiptið með því að ætla þeim ekki um of með því að raða þremur flokkum niður sama daginn á stórmótum, ætla keppnisgreinunum nógu og langan tíma, með nægilega löngum hléum á milli, því ef tímasetningin fer úr skorðum er strax farið að stytta pásurnar til að reyna að ná inn tímanum og bitnar það eðlilega á dómurunum sem verða undir ennþá meira álagi.

Í stjórn félagsins eru nú:

Olil Amble formaður

Halldór Sigurðsson ritari.

Eyþór Óskarsson gjaldkeri.

Til vara: Jóhann Þorsteinsson og Elísa Guðmundsson.

Stjórn Dómarafélagsins þakkar starfsfólki og stjórn L.H. fyrir gott og ánægjulegt samstarf, einnig hestafólki almennt fyrir góða samvinnu.

f.h. stjórnar, Olil Amble.

17. FRÁ ÆSKULÝÐSFULLTRÚUM.

Ég tók að mér að gegna starfi æskulýðsfulltrúa L.H. frá 1. febrúar til maíloka á þessu ári, og er þetta því sjötta árið sem ég gegni þessu starfi. Ásdís Ingimarsdóttir tók svo við frá 1. júní. Strax í febrúar fór ég að undirbúa vetrar- og sumarstarfið fyrir okkur báðar.

8. febrúar fór ég á fund með unglingum og fulltrúum þeirra að Brún í Borgarfirði en það var hestamannafélagið Faxi sem stóð að þessum fundi. Seinni partinn í febrúar var ég fengin til að velja krakka úr Létti á Akureyri fyrir sýningaratriði í Reiðhöllinni í Reykjavík sem fram fór 20.-22. mars. Æfingar voru margar og fór ég svo með þeim suður 18. mars og var þangað til 23. mars. Einnig sýndu þessir sömu krakkar á vetrarleikum Léttis 28. og 29. mars og var ég með þeim þar og kenndi þeim. Námskeiðinu lauk með unglingamóti í íþróttagreinum. Seinni partinn í mars og fram í apríl þjálfaði ég krakka hjá Hring á Dalvík og héldum við unglingamót í lok námskeiðs. Síðar í apríl var ég með fund í skólanum í Hveragerði, Kirkjubæjarklaustri, Víkurskóla í Mýrdal, Ketilsstaðaskóla og Skógarskóla og síðan með námskeið í Hveragerði sem endaði með íþróttakeppni unglunga. Í lok apríl var ég með fund í Barnaskólanum á Húsavík, í Lundi í Öxarfirði og skólanum á Svalbarði í Pistilfirði og á Þórshöfn.

Um miðjan maí hélt ég fund með unglingum í Ólafsfirði og fór ég einnig þangað nokkrum sinnum til að þjálf þau.

Dagana 15.-26. júlí starfaði ég við æskulýðsmót FEIF sem haldið var með miklum ágætum að Skógarhólum í Pingvallasveit.

Endirinn var svo sá að ég var á æskulýðsmóti sem Hringur á Dalvík og Gnýfari á Ólafsfirði héldu sameiginlega að Flötutungum í Svarfaðardal 15.-16. ágúst en Ásdís æskulýðsfulltrúi var þá á æskulýðsmóti á Hornafirði.

Um leið og ég læt þessum pistli lokið vil ég þakka öllu því ágæta fólki sem ég hef starfað með að unglingamálum hestamennskunnar kærlega fyrir samstarfið, þetta hefur verið mjög ánægjulegur tími.

Að lokum vil ég svo óska núverandi æskulýðsfulltrúa alls hins besta í starfi.

Kær kveðja,
Kolbrún Kristjánsdóttir.

Ég tók við starfi Kolbrúnar Kristjánsdóttur sem æskulýðsfulltrúi L.H. 1. júní s.l. eftir að hafa notið leiðsagnar hennar um eðli starfsins. Nokkur æskulýðsmót voru haldin á sumrinu og heimsótti ég þau sem haldin voru hjá Sindra í Vík, Hornfirðingi í Hornafirði og Létti og Funa í Eyjafirði. Jafnframt tók ég þátt í undirbúningi að æskulýðsmóti sem halda átti hjá Faxa í Borgarfirði en því móti varð að fresta vegna veðurs. Í þess stað var farið í tveggja daga reiðtúr með börnin í ágústmánuði s.l. Æskulýðsmótin fóru fram með hefðbundnum hætti, lögð var áhersla á blöndu af ýmiskonar fræðsluefni auk leikja og gamans.

Ásamt Kolbrúnu Kristjánsdóttur hafði ég umsjón með alþjóðlegu æskulýðsmóti sem var haldið á Skógarhólum dagana 17.-27. júlí, en auk

okkar tók góður hópur fólks þátt í undirbúningnum og vil ég nota tækifærið og koma á framfæri sérstöku þakklæti til allra þeirra sem þar lögðu hönd á plóg. Mikill tími og vinna fór í undirbúning mótsins og var vel varið, því ég vil leyfa mér að fullyrða að mótið hafi tekist mjög vel.

Í framhaldi af þessu vil ég vekja athygli á því að ástæða sé til að efla alþjóðlegt unglingastarf innan hestamennskunnar hér á landi. Fæstir erlendu þátttakendanna höfðu haft kynni af íslenska hestinum í tengslum við landið fyrr og mátti augljóslega greina aukinn áhuga þeirra á landinu og ræktun hrossa hérlandis eftir því sem á leið. Þetta hafa ýmis bréf sem ég hef fengið frá þátttakendunum enn fremur staðfest. Íslensk hestamennska hefur hér mikilla hagsmuna að gæta ef tekið er tillit til þess að hér er um framtíðarkaupendur hrossa að ræða. Því tel ég ástæðu til að athuga hvort ekki sé hægt að koma á einhvers konar tengslum án þess þó að mikill kostnaður sé í það lagður. Í þessu sambandi hefur mér dottið í hug að eitt af þeim hestamannafélögum sem halda æskulýðsmót á sumrin gæti boðið t.d. 5 erlendum unglingum að taka þátt í mótinu. Unglingarnir myndu þá sjálfir sjá um kostnað við að komast af og á staðinn en væru að öðru leyti í boði viðkomandi félags. Félögin í landinu myndu síðan skiptast á frá ári til árs. Með þessu móti gætu myndast tengsl sem væru ómetanleg þegar til lengri tíma er litið.

Unglingastarfið verður með líku sniði og hingað til á komandi ári. Ég hef þó áhuga fyrir að gera umfjöllun um ríðandi fólk í umferðinni að grunnþema í vinnu minni á árinu og tengja það viðfangsefni þeirra fræðslufunda og æskulýðsmóta sem haldin verða og hef í því sambandi leitast við að ná samstarfi við Umferðarráð. Þetta mál er nú í athugun.

Í framtíðinni langar mig til að hleypa af stokkunum einhvers konar boðreið unglinga kringum landið sem myndi tengja öll félögin. Slíkt átak þyrfti þó mikils undirbúnings og samhæfingar við og verður tæpast framkvæmt í nánustu framtíð.

Unglingastarfið í hestamennskunni er mjög mikilvægt og að því verður að hlúa. Þar liggur vaxtarbroddurinn og ef við viljum sjá veg íslenskrar hestamennsku sem mestan í framtíðinni er mikilvægt að alúð sé lögð í það starf. Ég vil því skora á hestamannafélög landsins að leggja aukna áherslu á æskulýðsstarf. Þeim félögum sem hafa áhuga fyrir liðsinni mínu í þessu sambandi vil ég benda á að hafa samband við mig hið fyrsta til þess að auðvelda niðurröðun móta og til að koma í veg fyrir árekstra.

Með kærri kveðju,
Ásdís Ingimarsdóttir
s: 91-22007, 93-70035

18. FERÐA- OG UMHVERFISMÁLANEFND.

Í nefndinni eru:

Stefán Bjarnason formaður
Óttar Kjartansson
Valgerður Gísladóttir
Guðrún Fjeldsted
Lárus Bragason

Verkefni nefndarinnar:

"Nefndin skal fyrir hvert ferðatímabil láta fara fram athugun á algengustu ferðamannaleiðum hestamanna í öllum fjórðungum. Veita skal upplýsingar um áningahólf, gististaði, fóðursölu og ástand leiða varðandi beit eftir því sem við verður komið í samráði við skrifstofu L.H. Koma á framfæri í tímaritum hestamanna upplýsingum og hvatningum um góðan undirbúning. Reka skal áróður fyrir góðri umgengni hestamanna og umhverfisvernd. Formaður nefndarinnar skal sitja fundi með samstarfsnefnd L.H. við Landgræðsluna, Náttúruverndarráð og Búnaðarfélagið um ferðir um hálendið og beitarmál".

Á fundi nefndarinnar 4. mars var ákveðið að skrifstofa L.H. sendi öllum hestamannafélögum í landinu spurningarlista þar sem óskað er upplýsinga um reiðleiðir og ýmsa þjónustu á reiðleiðum svo sem áningahólf og þá aðra aðstöðu, sem félögin hafa upp á að bjóða.

Upplýsingarnar áttu að ná yfir á félagssvæði næsta hestamannafélags þannig að vitneskja tengdist og næði saman um landið allt.

Svör hafa borist skrifstofunni frá 28 hestamannafélögum og mörg félögin lögðu mikla vinnu í málið og sendu inn ómetanlegar upplýsingar. Nefndin kom saman og fór yfir innsendar skýrslur félaganna og telur nauðsynlegt að vinna upp úr skýrslunum og koma hagnýtum fróðleik til skila til hestamanna. Hér þyrfti að fá fagmann í að vinna að þessu og tengja saman gamlar upplýsingar og nýjar.

Verkið hefur tekið tíma og verður ekki hrist fram úr erminni á skömmum tíma, hins vegar þarf að vinna þetta upp í beinu framhaldi af upplýsingaöfluninni. Nokkur félög hafa enn ekki sent inn svör.

Hugmynd kom fram um að hafa fasta þætti í hestamannablöðunum og kynna reiðleiðir t.d. með fastri síðu með reiðleiðakorti og prentuðum upplýsingum um leiðina á bakhlið.

Þessi vinna heldur áfram og nýtist starfandi nefnd L.H. um ferða- og umhverfismál.

19. REIÐVEGAMÁL-REIÐVEGAÁÆTLUN.

Samþykkt var á Alþingi 1991 svohljóðandi þingsályktun um reiðvegáætlun. "Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun".

Þann 21. nóv. 1991 skipaði samgönguráðherra starfshóp til þess að vinna að þessu verkefni: Þórð Skúlason framkvæmdastjóra Sambands Ísl. sveitarfélaga, Sigurð Þórhallsson framkvæmdastjóra Landssambands

hestamannafélaga og Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og er hann jafnframt formaður starfshópsins. Í starfi sínu skal starfshópurinn m.a. taka mið af eftirfarandi atriðum:

Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða skal verkefnum.

Hafa skal nána samvinnu við m.a. Landssamband hestamannafélaga, Samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn og Ferðapjónustu bænda sem og einstök sveitarfélög og landeigendur.

Bæta skal aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og huga þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest.

Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna.

Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við.

Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.

Á fyrsta fundi starfshópsins var ákveðið að safna saman upplýsingum um reiðvegi og ástand þeirra, þannig að hægt væri að gera sér grein fyrir umfangi málsins.

Upplýsingar um reiðvegi og reiðleiðir, ástand þeirra, viðhald, endurbætur og nýlagnir eru forsenda þess að hægt sé að gera reiðvegaáætlun, sem eitthvert mark væri hægt að taka á. Í framhaldi af þessum fundi sendi skrifstofa L.H. formönnum allra hestamannafélaganna í landinu eftirfarandi bréf:

Reykjavík, 8. mars 1992.

Ágæti formaður.

Með bréfi þessu leitar skrifstofa L.H. til þín og þíns félags um upplýsingar og upplýsingaöflun um tvö verkefni og væntum við þess og treystum á að brugðist verði fljótt og vel við þessari málaleitan.

Því hér er unnið að málum, sem snerta hagsmuni allra hestamanna í landinu og brýnt að vel takist til.

1. Upplýsingar og samantekt um gerð reiðvegaáætlunar. Sjá meðfylgjandi upplýsingaform og verklýsingu.
2. Upplýsingaöflun fyrir ferða- og umhverfismálanefnd L.H. Sjá verklýsingu nefndarinnar og meðfylgjandi upplýsingaform.

Nauðsynlegt er að vinna að samantekt upplýsinga um framangreind verkefni á félagssvæði hestamannafélagsins og ætti skýrslan að ná yfir á félagssvæði næstu hestamannafélaga þannig að upplýsingar tengist og nái saman um landið allt.

Leita þarf til manna í hestamannafélögunum sem kunnugastir eru staðhátum og reiðleiðum. Þannig næst árangur og upplýsingar verða traustari.

Upplýsingar fyrir ferða- og umhverfismálanefnd þurfa að berast til skrifstofu L.H. fyrir 10. apríl 1992, en vegna reiðvegaáætlunar fyrir 1. maí 1992.

Við treystum á leiðsögn formannsins og felum honum verkstjórn í málinu á hans félagssvæði.

Með bestu kveðjum,
Landssamband hestamannafélaga

Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Bréfinu fylgdi spurningalisti og upplýsingaform sem átti að auðvelda mönnum þessa vinnu. Spurningarnar voru þessar:

A. Hverjar eru helstu reiðleiðir innan héraðs á svæði hestamannafélagsins?

Raðið upp eftir mikilvægi og notkun leiðanna.

1. Aðal reiðgötur eða vegir í nálægð við hesthúsahverfin.
2. Reiðgötur meðfram stofn- eða þjóðbrautum.
3. Reiðgötur eða reiðleiðir aðrar.
4. Fornar reiðgötur og/eða tengivegir milli héraða-þjóðminjar.
5. Aðrar reiðleiðir sem ekki falla undir töluliði 1 til 4.
6. Æskilegar nýlagnir reiðvega og/eða aðkallandi tengivegir.

Beðið var um stutta lýsingu og nöfn leiðanna.

B. Gerið reiðvegáætlun til fjögurra ára og raðið verkefnum eftir mikilvægi.

Nýtið töluliðina hvern fyrir sig í upptalningunni undir staflið A.

C. Gerið kostnaðaráætlun við verkefnin.

Sundurliðið eftir töluliðum 1 til 6.

Að framangreindum verkefnum teljum við brýnast að byrjað verði á og þá í þessari röð, á fyrsta ári, öðru ári o.s.frv.

Gætið að kostnaði við nýlagnir, endurbætur og óhjákvæmilegt viðhald allra leiða svo og merkingar þeirra.

Leitið samstarfs við Vegagerð ríkisins, sveitarstjórnir og trúnaðarmenn L.H. um reiðvegagerð í viðkomandi umdæmi Vegagerðarinnar.

Flest hestamannafélögin sendu inn mjög greinargóðar upplýsingar, sem auðvelt er að nýta við gerð reiðvegaáætlunar og er gott nesti til þess verkefnis.

Þörfin fyrir úrbætur í reiðvegamállum er mjög brýn og aðkallandi.

Umsóknir hestamannafélaganna um reiðvegafé til L.H. fyrir 1992 voru nær 150 milljónir króna.

Á fjárlögum var L.H. úthlutað 6 milljónum króna til verkefnisins.

Þetta er með öllu ófullnægjandi og raunar til vansæmdar öllum sem hlut eiga að máli.

Alþingi hefur með samþykkt þingsályktunartillögu staðfest að umferð ríðandi manna sé hluti af samgöngum landsmanna.

Á fjárlögum 1992 er áætlað til vegamála upphæð sem nemur um fimm og hálfum milljarði.

Er ekki eðlilegt að taka hluta af vegafé til reiðvegagerðar og viðhalds reiðvega t.d. 1.5% af vegafé m.a. með tilliti til þess, hve reiðvegagerð hefur orðið útundan á undanförunum árum?

Hér verður að breyta um stefnu og starfsaðferðir. Marka stefnu til framtíðar. Vel má hugsa sér að Vegagerðin sjái alfarið um lagningu og gerð reiðvega og nauðsynlegt viðhald þeirra á sama hátt og gert er um aðra vegi.

Þetta ætti að vera framkvæmanlegt, þegar sú reiðvegaáætlun sem starfshópur

á vegum Samgöngumálaráðuneytisins er að vinna að verður fullgerð. Þar skal m.a. forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og huga vel að því að öryggi gegn slysum verði sem mest. Það verður best gert með því að skilja að umferð ökutækja og umferð ríðandi manna.

Reiðvegamálin brenna sárt á bókum hestamanna og verða rædd og skoðuð, hér á ársþinginu sem aðalmál.

20. SAMSTARF VIÐ HÍS.

Á síðasta þingi HÍS var samþykkt tillaga um að hefja könnunarviðræður við L.H. um hugsanlega sameiningu þessara tveggja samtaka. Stjórn L.H. skipaði þriggja manna vinnuhóp til að athuga þessi mál áður en til viðræðna kæmi. Þann hóp skipuðu Guðmundur Jónsson varaformaður L.H., Sigfús Guðmundsson gjaldkeri L.H. og Kristmundur Halldórsson varastjórnarmaður. Formlegur fundur var svo haldinn með fulltrúum frá HÍS og tóku þátt í þeim fundi formaður L.H., varaformaður og Kristmundur Halldórsson. Niðurstaða þessara viðræðna var sú að menn gæfu sér lengri tíma til að skoða þessi mál enda væri margt á hverfanda hveli í félagslegri uppbyggingu samfélagsins og óljóst með rekstur slíks allsherjar sambands. Hestaíþróttasambandið væri enn ungt að árum og rétt að gefa því meiri tíma til að festa sig í sessi innan ÍSÍ.

HÍS stendur til boða húsnaði fyrir sína starfsemi í íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal og hefur hug á að flytja þangað. M.a. af þeim ástæðum hefur HÍS óskað eftir endurskoðun á samstarfssamningi við L.H. um rekstur skrifstofu sem hefur verið sameiginleg frá 1. júní 1991.

21. HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS:

Í janúar var tekið í notkun nýtt hesthús fyrir Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti. Þetta hús gerbreytir allri aðstöðu bæði fyrir hross og menn. Hér er um mjög myndarlegt framtak að ræða og þeim sem að því hafa staðið til mikils sóma. Af þessu tilefni færði Landssambandið stöðinni að gjöf myndbandsupptökuvél og hefur hún komið að góðum notum.

Sýning stóðhestastöðvarinnar var svo haldin 2. maí og sóttu hana fjöldi manns að vanda. Um sömu helgi voru Hestadagar í Reiðhöllinni.

Fjórðungsmót var á Vesturlandi.

Unglingabúðir FEIF voru í fyrsta sinn haldnar á Íslandi.

Hestamannafélagið Fákur hélt mjög myndarlegt afmælistót um hvítasunnuna en Fákur átti sjötíu ára afmæli í apríl.

Bikarmót Norðurlands var haldið á nýjum keppnisvelli á Akureyri sem Léttismenn hafa komið sér upp.

Suðurlandsmót í hestaíþróttum var haldið á Flúðum.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið í Reykjavík dagana 14-16. ágúst á

svæði Fáks og voru skráðir keppendur fleiri en nokkru sinni. Heldur viðraði illa á mótinu.

Norðurlandamót var haldið í Noregi og stóðu Íslendingar sig mjög vel. Íslendingar kynntu íslenska hestinn á sýningum í Bandaríkjunum og þótti það heppnast vel.

22. STARFSEMI FEIF 1992:

Yfirlit yfir starfsemi FEIF, 1992.

Þegar litið er yfir starfssemi stjórnar FEIF og framkvæmdir helstu ákvarðana sem stjórn hefur hrundið í framkvæmd, eða ýmsar nefndir ráðgefandi aðila innan ýmissa málaflokka hafa komið í framkvæmd er af mörgu að taka.

Á íþrótt og keppnisviðinu hafa verið haldnir allnokkrir fundir millipinganefndar sem fjallar um sportmálin, helstu lög og reglur og breytingar á þeim.

Sú nefnd starfar undir forsæti Tone Kolnes íþróttafulltrúa FEIF en í nefndinni situr m.a. Sigurður Sæmundsson fyrir Ísland og hann ásamt Pétri J. Hákonarsyni hafa sótt fundi þá sem haldnir hafa verið á þessu sviði.

Þá hefur nefndin einnig haldið dómaramámskeið fyrir alla starfandi og verðandi dómara innan íþróttageirans í FEIF og var sú ráðstefna haldin hér á landi í apríl og þótti takast afburða vel. Var þar öllu telft fram sem best og aðstæður nýttar til fulls, enda voru þáttakendur á einu máli um að rástefna eins og þessi væri til fyrirmyndar bæði vegna góðs undirbúnings og ekki síður vegna þeirrar þjálfunar sem svona

námskeið veitir, en þarna voru notuð bæði myndbönd og tölvur, auk þess að hestar voru dæmdir á velli og í lokin fjallað um hvern einstakan dómara og dóma með viðeigandi ábendingum, leiðréttingum og viðurkenningum.

Millipinganefndin hefur einnig fjallað um allar eða langflestar tillögur og ábendingar sem fram hafa komið á aðalfundum og í tillöguformi að keppnisreglum og aðlokinni þeirri umfjöllun er fyrst hægt að fá þær samþykktar á aðalfundi og þá fyrst öðlast þær gildi og eru teknar inn í íþróttareglur FEIF.

Þá ber einnig að nefna blómlegt og vaxandi unglingastarf.

Þessi málaflokkur hefur tekið stór stökk innan samtakanna og vex áhugi meðal unglinga með ári hverju og vaxandi þáttaka er í hverjum nýjum sumarþúðum sem haldnar eru annað hvert ár. Í sumar voru haldnar sumarþúðir á Skógarhólum á vegum Íslendinga. Þótti mjög vel til takast og þáttaka aldrei meiri og einhverjir urðu frá að hverfa. Alls voru í þúðunum milli þrjátíu og fjörutíu börn og unglingar frá flestum aðaildarlöndum og víst er að öll eiga þau ógleymanlegar minningar um sumardvöl á Íslandi og nokkur þeirra dvöldu áfram hjá vinum eða vandalausum eftir að eiginlegri dvöl lauk. Tilgangur sumarþúðanna þótti takast fullkomlega, en hann er að sjálfsögðu sá að efla tengsl meðal unglinga og sameina áhuga þeirra á íslenska hestinum og gefa þeim tækifæri til að vera saman og efla tengsl og samskipti milli landa. Veg og vanda að þessu hafði Landssamband

hestamannafélaga og æskulýðsfulltrúar og framkvæmdastjóri L.H., auk aðstoðarfólks. Eru Landssambandinu og aðstandendum sumarbúðanna færðar bestu þakkir og hrós fyrir undirbúninginn og framkvæmdina.

Ein er sú nefnd sem starfar milli þinga eða ársfunda og nefnist Framtíðarnefnd. Henni er ætlað að fjalla um hugsanlega framtíðarþróun samtakanna og sjá fyrir hvernig framtíðarskipan mála af ýmsu tagi muni þróast. Má af einstökum málum nefna t.d. félagslega þróun og uppbyggingu samtakanna. Framtíðarverkefni og markmið næstu fimm til tíu árin. Framtíð Evrópu-eða Heimsmeistaramóta. Félagslega aðild FEIF að öðrum evrópskum samtökum á svipuðum vettvangi og ýmislegt í þessum dúr. Þá er einnig sígilt umfjöllunarefni á dagskrá, en það er öflun fjármagns til að styrkja reksturinn, en sem kunnugt er þá eru aðaltekjur samtakanna árgjöld aðildarlandanna og 10% af seldum aðgangi inn á Evrópumót eða s.k. Heimsmeistaramót. Einnig hefur nú síðustu árin myndast örlítill tekjulind sem kemur af sölu bóka og útgáfu varðandi reglur og kynningarefni m.a. útgáfu bóka og litaplakata ofl.

Nefndin hefur einnig lagt til að stofnaður verði félagsskapur styrktarmeðlima og áður hefur verið nefnt hér í ársskýrslu frá síðasta ári. Er talið að með slíkum styrktarmeðlima krafti mætti auka tekjur að einhverju leyti og gæti þetta haft mun sterkari áhrif útá við ef félagar í honum eru áhrifamenn sem gætu látið eitthvað af hendi rakna eða beinlínis fjárfest í n.k. góðgerðarstarfssemi án áhrifa á sjálf málefni t.d. ársfundi en þar fara kjörnir fulltrúar með atkvæði. Hægt væri hinsvegar að bjóða slíkum aðilum að vera félagar og vera þáttakendur í ýmsum viðburðum er tengdust hestinum eða félagsskap er nyti sérstakrar virðingar á þeim mótum er haldin eru í nafni samtakanna.

Stjórnarbreytingar eru fyrirhugaðar og þá á þann veg að embætti varaforseta verði lagt af en í staðinn komi nýtt s.k. frístunda og útreiðarfulltrúi.

Vandséð er að Ísland muni valda þeim fulltrúa enda ekki auðvelt að rækja það starf héðan frá Íslandi. Upplýsingafulltrúi innan stjórnarinnar sem var íslenskur; Þorgeir Guðlaugsson, gaf ekki kost á sér í stjórn lengur og var því nýr kosinn í hans stað. Sá heitir Freddy Lehr og er frá Sviss. Hugsanlegt er að Íslendingar gætu náð formannssæti eftir tvö ár en þá lýkur kjörtímabili núverandi forseta sem er Marit Jonsson frá Danmörku.

Ræktunarmálin eru einnig stöðugt á dagskrá og sá ræktunarfulltrúi er nú situr er frá Svíþjóð; Mats Jennerholm. Hann stýrir einnig millipingastarfshópi sem fjallar um ræktunarmál og hestadóma, dómaramál og reglugerðir. Í þessa nefnd var nú tilnefndur Víkingur Gunnarsson frá Íslandi og mun hann sækja fundi og taka virkan þátt í umræðum og störfum nefndarinnar upp frá þessu. Íslendingar hafa verið frekar lítið virkir og ahrifalitlir um gang ræktunarmála á meginlandi Evrópu og víðast í hinum nýju lendum íslenska hestsins. Vonandi verður breyting á með tilnefningu Víkings enda má sannarlega taka til hendinni í þessum málaflokki og færa marga til betri vegar varðandi dóma og mat einstaklinga við dómsstörf og samræmingu á ræktunarmati og markmiðum. Hafa þau námskeið sem haldin hafa verið þótt takast með ágætum og vonandi að þar verði framhald á.

Fjárhagsleg afkoma samtakanna stendur þokkalega en varlega verður að

fara í þeim efnum og fjárhagsáætlun verður að standast þar sem ekki er hægt að reikna með neinum óvæntum tekjum, en margir málaflokkar krefjast fjármagns vegna undirbúnings og útgáfu kennsluefnis. Nokkurrar þenslu gætir í fjárhagsáætlun þessa árs og næsta og hefur því verið lagt til að hækka árgjald aðildarlandanna nokkuð. Samþykkt var nú á aðalfundinum að hafa opna skrifstofu a.m.k. að hluta og hefur það einnig aukinn kostnað í för með sér. Stærsti kostnaðar og útgjaldaliður samtakanna eru sportmálin eða rúml. 15% af heildinni. Rekstur skrifstofu og hlutastarf er um 13%, og kostnaður við fundi og ráðstefnur rúmlega 15%. Unglingastarfið er rúml. 12%, ræktunarmálefni tæp 9% og hafa verið í lágmarki vegna mannaþreyinga í stjórn. Aðrir þættir vega minna eða frá 5% og minna. Af tekjuliðum eru tveir lang stærstir þ.e. aðildargjöld 58%, útgáfa og verslun tæp 40% og vextir tæp 3%. Tekið skal fram að ekki liggur fyrir nú neinn aðgangseyrir af Heimsmeistaramóti, sem annars kæmi inn sem tekjuauki. Ekki liggur fyrir neinn staðfestur listi yfir tölu félagsmanna samtakanna í heild. Ekki er vitað hve margir félagsmenn eru í hverju landi fyrir sig svo öruggt sé.

Aðildarlöndin greiða árgjald sem er áætlað og flokkast í þrennskonar flokka 100-500, 500-1000 og yfir 1000 félaga. Ísland flokkast yfir 1000 meðlimi og hefur greitt samkvæmt því 2500 SFR árlega til samtakanna. Þýskaland og Danmörk eru einnig í þessum hópi auk Íslands og Sviss.

Næsta Heimsmeistaramót verður haldið í Hollandi á næsta ári.

Verður það haldið dagana 16.- 19. ágúst. Hollendingar eru að byggja upp nýtt mótssvæði í þessu skyni sem er rétt utan við Amsterdam. Þar hefur þegar verið haldið a.m.k. eitt mót til reynslu og gaf það ýmsar vísbendingar um ástand valla og aðstæður á mótisstað, sem Hollendingar hafa nú til úrlausnar svo vel megi takast er að sjálfu Heimsmeistaramótinu kemur. Ekki er að efa að áhugi Íslendinga verður mikill ef að líkum lætur vonandi bæði sem áhorfendur og ekki síst keppendur.

Rétt er að vekja athygli á að samtökin verða tuttugu og fimm ára 1994 og hefur verið að því stefnt að halda afmælisfund á Íslandi í tengslum við aðalfund og væntanlegt Landsmót það ár. Þykir það vel við hæfi þar sem drög að stofnun samtakanna voru lögð hér á landi og formlega voru samtökin stofnuð 24. maí á Hvítasunnu 1969.

Af þessu tilefni hefur einnig verið rætt um útgáfu bókar um 25 ára sögu samtakanna og verið að leggja drög að ritun og efnistöðum. Þá er einnig mikilvægt að efla enn frekar tengsl aðildarfélaganna og auka þátt upplýsingastreymis og gera upplýsingastreymi og kynningarefni enn virkara af ýmsum viðburðum innan vébanda samtakanna til dreifingar bæði utan og innan þess baugs sem markaður er með íslenska hestinum um allan heiminn.

Hér hefur verið tæpt á því helsta sem varðar málefni FEIF og þá þróun sem séð verður fyrir á næstu árum, þ.e. sportmál, unglingasamstarf, ræktunarmál, upplýsingastreymi og vaxandi almenn tengsl milli landa. Með útgáfu fréttabréfs stjórnar var stigið stórt skref fram í átt til aukinnar

kynningar af starfi stjórnar og helstu málaflokkum samtakanna. Að auki eru birtar ýmsar fróðleiksgreinar eftir efnum og ástæðum sem fjalla um rannsóknir, vísindi og ýmsan fróðleik. Þessu blaði er dreift til allra aðildarlanda í nokkru upplagi og þeir sem áhuga hafa geta orðið áskrifendur ef þeir óska eftir því. Á nýafstöðnum ársfundi kom fram eindreginn vilji þingfulltrúa til að halda þessu áfram og reyna að styrkja útgáfuna enn frekar.

Aðalfundur FEIF var haldin í Chur í Sviss 12. sept. s.l.

Að hálfu Íslands sóttu fundinn: Kári Arnórsson formaður L.H., Pétur Jökull Hákonarson formaður HÍS og Sigurður Ragnarsson varaforseti í FEIF undanfarin ár. Á aðalfundinum var breytingartillaga Íslendinga um heimsbikarkeppnina samþykkt, en með henni er gert ráð fyrir að íslenskir keppendur geti unnið sér keppnisrétt á Heimsbikarmótinu, án þess að þurfa að keppa á móti erlendis.

Fundurinn var vel heppnaður þó að skyggt hafi á að afnumið var tvöfalt vægi hægatölsins í töltkeppninni en Íslendingar hafa alltaf barist hart fyrir að hafa það tvöfalt. Voru það aðeins Norðmenn auk Íslendinga sem greiddu atkvæði gegn tillögunni sem kom frá Svíum. Þá var samþykkt að efnt yrði til Evrópumóts í íslenskri gæðingakeppni. Ekki var ákveðið hvar keppnin yrði haldin en vitað er að Svisslendingar hafa mikinn áhuga á að halda hana, einnig hefur heyrst að Danir vilji hugsanlega tengja hana alþjóðlegu afmælistóti sem þeir koma til með að halda á næsta ári í telefni aldarfjórðungsafmælis Dansk Islandshesteforening. Haft var eftir Hans Pfaffen frá Sviss að búast megi við að hátt í 200 hestar verði skráðir til leiks en hann hefur kannað ítarlega áhugann fyrir gæðingakeppninni. Farið verður eftir íslensku gæðingareglunum í einu og öllu en mikill áhugi virðist fyrir þessari keppni. Samþykktar voru nýjar reglur um fóta- og beislabúnað. Þær breytingar eru mjög í takt við íslensku reglunar.

Marit Jonsson, Danmörku var endurkjörin forseti til tveggja ára en hún tilkynnti að, að þeim tíma liðnum myndi hún draga sig í hlé.

Sigurður Ragnarsson er áfram varaforseti en til stendur að leggja þessa stöðu niður. Þess í stað verður kosinn útreiða- og tómstundafulltrúi.

Aðrir í stjórn eru: Uli Solka, Sviss, gjaldkeri, Fiona Pugh, Bretlandi, ritari, Eva Maria Gerlach, Þýskalandi, unglingafulltrúi, Mats Jennerholm, Svíþjóð, ræktunarfulltrúi og Tone Kolnes Noregi, íþróttafulltrúi. Þá var Víkingur Gunnarsson kosinn í ræktunarnefnd FEIF og gera menn sér vonir um að hann taki seinna meir við starfi ræktunarfulltrúa í stjórninni. Þá kom fram áhugi hjá mörgum fundarmönnum að Búnaðarfélagið sæi alfarið um alla tölvuskráningu kynbótahrossa sem hljóta dóm í aðildarlöndum samtakanna. Var Mats Jennerholm ræktunarfulltrúi stjórnarinnar falið að kanna málið við Búnaðarfélagið.

Mæting aðildarfulltrúa til fundarins var ekki sem best, en fundurinn fór í alla staði vel fram og Svisslendingar góðir heim að sækja. Næsti aðalfundur verður í Hollandi í tengslum við næsta Heimsmeistaramót.

Hér skal svo ítrekað að þeim sem áhuga hafa á málefnum FEIF er bent á

að skrifstofa L.H. og H.Í.S. veita allar upplýsingar auk þess sem undirritaður er ávallt reiðubúinn að skýra frá einstökum málaflokkum samtakanna svo lengi sem hann situr í stjórn samtakanna.

Sig.Ragnarsson
varaforseti FEIF.

ÁRSREIKNINGUR 1991

FYRIR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

REKSTRARREIKNINGUR

01.01.TIL 31.12.1991

Tekjur:	Skýr.	1991	1990
Árgjöld Sambandsfélaga.....		5.417.330	4.857.120
Styrkur úr ríkissjóði.....	1	500.000	598.000
Landsmót 1990.....		369.150	0
Útgáfa smárita og filmuleiga.....		76.962	49.692
Þáttt H.Í.S. í skrifstofukostnaði.....		600.000	0
Vaxtatekjur.....		42.250	33.414
Aðrar tekjur.....		27.658	60.250
Tekjur alls		7.033.350	5.598.476
Gjöld:			
Laun og launak. á skrifst.....		2.675.027	1.464.090
Annar skrifstofukostnaður.....		1.507.105	980.337
Þinghald og fundir.....		459.129	533.276
Akstur og ferðakostnaður.....		643.387	280.266
Æskulýðsstarf.....		585.825	393.159
Rekstur Skógarhóla.....		89.541	75.602
Annar kostnaður.....		466.327	359.104
Vaxtagjöld og verðbætur.....		19.895	62.482
Afskriftir áhalda og innr.....		21.990	4.413
Gjöld alls		6.468.226	4.152.729
Hagnaður af rekstri		565.124	1.445.747
Óráðstafað eigið fé:			
Yfirfært frá fyrra ári.....		3.013.228	1.280.193
Rekstrarárangur skv.ofanskr.....		565.124	1.445.747
Matsbr. húss Skógarhólum.....		(98.000)	214.000
Fyrning húsa í f.mati.....		73.288	73.288
Eigið fé Hestsins Okkar.....		(542.950)	0
Yfirfært til næsta árs		3.010.690	3.013.228

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:


Veltufjármunir:	Skýr.	1991	1990
Sjóður og bankainnistæður.....		1.565.143	911.772
Hesturinn Okkar.....	1	0	743.535
Fyrirframgr.kostnaður og viðsk.kröfur.....		774.041	145.472
Útistandandi árgjöld.....		48.175	0
Birgðir (smárit,lög,reglug,myndb.).....	1	200.000	200.000
Bókabirgðir.....	1	56.000	0
Veltufjármunir		2.643.359	2.000.779
Fastafjármunir:			
Kvikmyndir (gamlar).....		128.040	128.040
Skrifstofuáhöld og innréttingar.....		95.168	10.800
Girðing Hvítárnesi.....		2.200	2.200
Skógarhólar, hús (fasteign).....	1	1.462.000	1.560.000
Fastafjármunir alls		1.687.408	1.701.040
EIGNIR SAMTALS		<u>4.330.767</u>	<u>3.701.819</u>

31. DESEMBER 1991

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir:	Skýr.	1991	1990
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....		610.939	659.457
Ofgreidd árgjöld.....		0	17.559
Reiðskólinn h.f.(v/ríkisstyrks).....		<u>500.000</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir alls:		<u>1.110.939</u>	<u>677.016</u>
Áningarhólfasjóður:			
Óráðstafað úr áningarhólfasjóði.....	2	<u>209.138</u>	<u>11.575</u>
Skuldir og áningarhólfasjóður alls.....		<u>1.320.077</u>	<u>688.591</u>
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé.....		<u>3.010.690</u>	<u>3.013.228</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS		<u><u>4.330.767</u></u>	<u><u>3.701.819</u></u>

Reykjavík, 8. september 1992


 Sigfús Guðmundsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1991.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri L.H. árið 1991 og efnahag þess 31.12.1991.

Við mælum með að ársreikningur L.H. 1991 verði samþykktur.

Reykjavík, 8. september 1992


 Gísli B. Björnsson


 Þorvaldur Þorvaldsson

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 1991

1) Reikningsskilaaðferðir:

* Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1991 er saminn eftri sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús og gístiaðstaða á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati í árslok kr. 1.462.000.

Mótfærsla matsbreytinga hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreiknigur Landssambandsins.

Brunabótamat hússins 1/1.1992 var kr. 6.317.000.-, og vörslumannsskúrsins kr.162.000. Eigna- og skuldastaða í uppgjöri Hestsins Okkar 31.12.1990 var sameinuð uppgjöri L.H. 1991, eins og fram kom í skýringum með ársreikningi L.H. 1990.

* Óendurmetið kostnaðarverð endurbóta L.H. á Skógarhólum og vörslumannsskúr var í árslok 1990 kr. 1.465.767.-, og afskriftir námu á sama tíma kr. 249.304.

Afskrift þessara eigna 1991 er 5% eða kr. 73.288.- og er hún færð til gjalda á rekstur Skógarhóla, en mótfærslan á eigið fé, þar sem húsið er eignfært á fasteignamati. Skrifstofuáhöld og innréttingar sem yfirfærð voru frá H.O. eru sfskrifuð um 10%. Önnur áhöld og innréttingar voru fullafskrifuð árið 1990.

* Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.

* Birgðamat smárita, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr.200.000, svo og bókabirgðir Hestsins Okkar kr. 56.000. Í uppgjörum Hestsins Okkar á fyrri árum var ekki lagt eignamat á birgðir óseldra blaða, svo er ekki heldur í uppgjöri þessu.

* L.H. fékk styrk úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 2.500.000. Af þessum styrk rann til Reiðskólans kr. 1.000.000.- og v/löggæslu á LM 1990 kr. 1.000.000.

2) Óráðstafaður áningarhólfasjóður:

Beitarskattur var innheimtur árin 1983,1984 og 1985, sem með áföllnum vöxtum nam í árslok 1990 kr. 11.575. Ársþing 1990 ákvað að framvegis rynnu 2% af heildarsölu aðgangseyris að lands-og fjórðungsmótum í áningarhólfasjóð. Staða sjóðsins greinist þannig :

Eftirstöðvar beitarskatts 1983-1985	Kr.	11.575
Framlag í áningarhólfasjóð frá FM.1991	"	297.563
	Kr.	309.138

Frá dregst:

Ráðstöfun 1991	Kr.	(100.000)
Óráðstafað 31.12.1991	Kr.	209.138

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.970.- sem greitt var af til sambandsins og hefur fækkað um 166 frá fyrra ári. Fullt gjald er gr. fyrir 6.243 félagsmenn og unglingagjald fyrir 727. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi kr. 5.417.330.-. Sjá skrá á næstu bls.

Árgjöld samkvæmt uppgjöri L.H. 1991.

	Félagsmenn		Árgjöld
	Fullorðnir	Unglingar	
Andvari.....	196	34	174.660
Blakkur.....	38		31.160
Blær.....	31	5	27.470
Dreyri.....	111	13	96.350
Faxi.....	181	20	156.620
Fákur.....	717	166	656.000
Feykir.....	51	3	43.050
F. T.....	104		85.280
Freyfaxi.....	154	16	132.840
Funi.....	68	3	56.990
Geisli.....	33	2	27.880
Geysir.....	355	23	300.530
Glaður.....	110	2	91.020
Glófaxi.....	33	2	27.880
Glæsir.....	36	3	30.750
Gnýfari.....	27	4	23.780
Goði.....	22		18.040
Grani.....	64	3	53.710
Gustur.....	308	54	274.700
Háfeti.....	50	9	44.690
Hending.....	47	3	39.770
Hornfirðingur.....	106	7	89.790
Hringur.....	92	2	76.260
Hörður.....	331	58	295.200
Kinnskær.....	37	5	32.390
Kópur.....	93	12	81.180
Léttfeti.....	130	15	112.750
Léttir.....	235	26	203.360
Ljúffur.....	70	13	62.730
Logi.....	93	7	79.130
Máni.....	141	22	124.640
Neisti.....	57	4	48.380
Óðinn.....	48		39.360
Sindri.....	113	10	96.760
Skuggi.....	119	20	105.780
Sleipnir.....	266	9	221.810
Smári.....	222	4	183.680
Snarfari.....	17	1	14.350
Snæfaxi.....	46	1	38.130
Snæfellingur.....	170	6	141.860
Sóti.....	101	29	94.710
Stígandi.....	189	8	158.260
Stormur.....	98	12	85.280
Svaði.....	78	9	67.650
Sörli.....	265	31	230.010
Trausti.....	138	6	115.620
Þjálfur.....	110	15	96.350
Þráinn.....	53	8	46.740
Þytur.....	89	22	82.000
	6.243	727	5.417.330

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1991 var kr. 820 og unglingagjald var kr.410)


ÓMETANLEGAR HEIMILDARMYNDIR



Nökkvi 260
Svipur 385
Ragnars-Brúnka 2719
Goði 401
Hreinn 304
o.fl.



Roði 453
Blesi 598
Hörður 591
Hrímnir 585
Blær frá Langholtsskoti
o.fl.



Sörli 653
Náttfari 776
Hlynur frá Bringu
Skúmur frá Stórulæg
Gáski 920
o.fl.



Hrafn 802
Páttur 722
Eldjárn
Hrímnir
Perla frá Kaðalstöðum
o.fl.




Ófeigur 818
Náttfari 776
Krafla 5649
Flosi 966
Viðar 979
o.fl.

ÚTSÖLUSTAÐIR UM LAND ALLT



Sími 91-677966



Lestrarhestar!

Vantar þessar bækur í safnið?
Í morgunljómann – Saga LH í 35 ár
Hesturinn minn – Handbók hestamanna
Hesthús – Leiðbeiningar og tillögur

Höfum einnig til sölu takmarkað upplag af mótaskrá frá fyrri landsmótum og stök blöð og heila árganga af **Hestinum okkar** frá 1960 til 1989.

Skrifstofa LH
Bændahöllinni við Hagatorg
Símar 19200 og 29899

Morgunblaðið

HESTURINN
OKKAR



Bæjarhraun 2
220 Hafnarfjörður
Tel.: 354-1-653044
Fax: 354-1-652113

ÍSLENSKAR HESTA FERÐIR SF.



HÓTEL FLÚÐIR



DV

Fyrstir með fréttirnar



Arni Höskuldsson
GULLSMÍÐUR

BERGSTAÐASTRÆTI 4 — 101 REYKJAVÍK
SÍMI & FAX 620335

PRENTTÆKNI HF.

KÁRSNESBRAUT 108 • 200 KÓPAVOGUR

SÍMAR 44260 & 44399

TELEFAX 45073



Póstsendum hvert á land sem er

HESTAMAÐURINN


Sérverslun með hestavörur. Ármula 3b, sími 681146.



ÁSTUND

SÉRVERSLUN
HESTAMANNINS

Háaleitisbraut 68 Austurvegur
Sími 68-42-40



HRUNAMANNAHREPPUR

**býður hestamenn og gesti þeirra velkomna
til ársþings að Flúðum.**

OLIS OLÍUVERSLUN ÍSLANDS H.F.

MJÓLKURBÚ FLÓAMANNA

VERSLUNIN GRUND FLÚÐUM

HÖFN ÞRÍHYRNINGUR SELFOSSI

LANDSBANKI ÍSLANS ÚTIBÚIÐ SELFOSSI

M R BÚÐIN

ESSO OLÍUFÉLGIÐ H.F.

KAUPFÉLAG ÁRNESINGA

ÓS - HÚSEININGAR H.F. SUÐURHRAUN 2 GARÐABÆ

SAMVINNUFERÐIR-LANDSÝN H.F.

FÉLAG HROSSABÆNDA

SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR

ÍSLANDBANKI

Öll ofangreind fyrirtæki og stofnanir styrktu útgáfu árskýrslunnar.

Þeim eru færðar alúðarpakkir fyrir stuðning og velvilja.